

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

15. maí 2012


Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 30/2008, um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., með síðari breytingum, 728. mál

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB, sem snýr að útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Í Núgildandi lögum um upprunaábyrgð, nr. 30/2008, er vísað í tilskipun 2001/77/EB. Töluverðir hagsmunir eru fólgnir í því fyrir íslensk orkufyrirtæki að hafa aðgang að markaði með slík upprunavottorð, sem Landsnet gefur út. Umrædd breyting á tilvísun í (nýja) tilskipun EB er hins vegar orðin nauðsynleg forsenda fyrir þessum aðgangi íslenskra orkufyrirtækja að umræddum markaði. Metið hefur verið að íslensk orkufyrirtæki séu þarna líklega að missa af tekjum sem gætu numið u.þ.b. þremur milljónum króna á dag, eða um milljarði króna á ári.

Líkt og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu var haft samráð við Samorku við samningu þess. Samorka styður eindregið að frumvarpið verði samþykkt, hið fyrsta.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri